

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



Sjálfsmatsskýrsla

2016–2017

Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
2	Innra mat 2016-2017	5
2.1	Skólanámskrá og starfsmannahandbók	5
2.2	Nemendakönnun – dagskóli.....	5
2.3	Nemendakönnun – fjarnám	6
2.4	Viðhorfskönnun foreldra	6
2.5	Rannsókn á líðan nemenda	7
2.6	Annað	8
3	Skólaárið 2017-2018.....	9
4	Heimildaskrá.....	10
5	Fylgiskjöl	11
5.1	Fylgiskjal I – Verk- og tímaáætlun 2016-2017	11
5.2	Fylgiskjal II Gátlisti fyrir mat á skólanámskrá (2016-2017).....	12
5.3	Fylgiskjal III – Spurningar í kennslukönnun dagskóla 2016-2017	14
5.4	Fylgiskjal IV – Niðurstöður úr kennslukönnun.....	16
5.5	Fylgiskjal V – Spurningar í nemendakönnun fjarnáms haustið 2016	18
5.6	Fylgiskjal VI – Niðurstöður úr nemendakönnun fjarnáms.....	19
5.7	Fylgiskjal VII – Spurningar í viðhorfskönnun meðal foreldra 1. og 2. árs nema	21
5.8	Fylgiskjal VIII – Niðurstöður foreldrakönnunar – Samanburður 1. og 2. árs.....	23
5.9	Fylgiskjal IX – Langtímaáætlun innra mats	30
5.10	Fylgiskjal X – Verkáætlun skólaársins 2017-2018.....	31
5.11	Fylgiskjal XI - Umbótaáætlun 2017-2018	32

1 Inngangur

Hér ber að líta sjálfsmatsskýrslu Verzlunarskóla Íslands fyrir skólaárið 2016-2017. Haustið 2015 hófu fyrstu nemendur skólans nám í nýju þriggja ára kerfi skólans. Vinna starfsmanna við þróun þess hefur verið fyrirferðarmikil undanfarin ár og ber faglegt samstarf starfsmanna og innra mat skólans keim af því. Hér á eftir eru helstu upplýsingar um það innra mat sem fram fór í skólanum skólaárið 2016–2017 auk þess sem fjallað er um framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2017-2018.

Um Verzlunarskóla Íslands segir í Skólanámskrá skólans (Verzlunarskóli Íslands, 2016) að hann hafi verið stofnaður árið 1905 af Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Kaupmannafélagi Reykjavíkur. Í fyrstu var skólanum ætlað að mennta og efla íslenska atvinnurekendur sem þá höfðu rutt sér til rúms í verslun og viðskiptum. Enn í dag leggur skólinn áherslu á að styrkja stöðu nemenda sinna í atvinnulífinu með því að tvinna hagnýtar viðskiptagreinar saman við annað bóklegt nám. Skólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1945 og geta nemendur valið um fjórar bóknámsbrautir. Haustið 2015 byrjuðu allir nýnemar skólans á þriggja ára námi til stúdentsprófs, en fram að þeim tíma var skólinn fjögurra ára framhaldsskóli.

Innritaðir nýnemar haustið 2016 voru 325 í 12 bekkjardeildir, einn bekkur á nýsköpunar- og listabraut, einn á alþjóðabraut, fimm á viðskiptabraut og fimm á náttúrufræðibraut. Fjöldi nemenda á 2. ári var 276, í 5. bekk 293 og í 6. bekk 257. Samtals voru 1151 nemandi í upphafi annar 2016.

Nánar um nemendur er vísað í ársskýrslu skólans 2016. <https://www.verslo.is/skolinn/skyrslur-og-aaetlanir/rafraen-skjol>

Eins og undanfarin ár bauð skólinn upp á fjarnám á þremur önnum, vor, sumar og haust. Fjöldi ársnemenda á sumarönn 2016 var 48,6, á haustönn 2016 voru þeir 43,7 og 48,4 á vorönn 2017. Mæting nemenda í próf var að meðaltali ríflega 70%. Að öðru leyti er vísað í ársskýrslu fjarnáms 2016-2017. <https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/arsskyrslur/>

Kennarar dagskólans á haustönn 2016 voru samtals 84 og hafði fjölgað um 14 frá vorinu 2016. Kynjaskipting var 52 konur á móti 32 körlum. Var hér um tímabundna fjölgun að ræða vegna skipulagsbreytinga. Nær allir fastráðnir kennar voru með réttindi sem framhaldsskólakennarar. Aðrir starfsmenn voru samtals 26. Í yfirstjórn skólans voru fjórir, en að auki eru fjórir starfsmenn á skrifstofu, þrír á bókasafni, þrír námsráðgjafar og sjö sem sinna kerfisstjórn, húsvörslu og dagræstingum. Skólinn rekur sjálfur mötuneyti starfsmanna og nemenda og var fjöldi starfsmanna í mötuneyti fimm.

2 Innra mat 2016-2017

Í gæðateymi Verzlunarskóla Íslands skólaárið 2016-2017 sátu sjö starfsmenn hans. Tveir stjórnendur skólans, skrifstofustjóri og fjórir kennarar. Formaður teymisins er úr röðum kennara. Gæðateymið hélt reglulega fundi eða 13 alls yfir skólaárið. Auk þeirra var unnið á sameiginlegu svæði í „skýinu“ og í gegnum tölvupósta. Fenginn var sérfræðingur í innra mati skólastofnana teyminu til ráðgjafar við ákveðna skipulagningu og við samning spurningalista, bæði í kennslukönnun og könnun meðal foreldra nemenda í nýja þriggja ára náminu.

Í **fylgiskjali I** er verkáætlun sem gæðateymi skólans vann eftir skólaárið 2016-2017. Öll sú áætlun stóðst fyrir utan að dagsetningar vinnudaga breyttust örlítið. Einnig bættust nokkur verkefni við verkefnalista teymisins. Hér verður sagt frá vinnunni og niðurstöðum þeirra kannana sem gerðar voru.

2.1 Skólanámskrá og starfsmannahandbók

Haustið 2016 var skólanámskráin yfirfarin. Stefna og áætlun fyrir móttöku nýrra starfsmanna var endurunnin svo og stefna skólans í endurmenntunarmálum. Farið var yfir gátlista fyrir skólanámskrár úr leiðbeiningabæklingi Mennta- og menningamálaráðuneytisins (2016) og kom í ljós að í skólanámskrána vantar rýmingaráætlun auk nokkurra smáatriða eins og sjá má á **fylgiskjali II**. Starfsmannahandbók Verzlunarskólans var einnig uppfærð á haustmánuðum. Þar vantar að koma inn upplýsingum varðandi fjarnámið og verður það á dagskrá næsta ár. Námsmatsreglur vegna símats voru endurskoðaðar og uppfærðar. Eintak bæði af skólanámskrá og starfsmannahandbók eru öllum aðgengileg í setustofu starfsmanna auk á innra neti skólans. Hér eru hlekkir í [skólanámskrá 2016-2017](#) frá heimasíðu skólans en starfsmannahandbókin er ekki opinber í tölvutæku formi nema starfsmönnum skólans.

2.2 Nemendakönnun – dagskóli

Hin árlega nemendakönnun meðal dagskólanemenda fór fram 23. nóvember 2016. Spurningarnar voru endurgerðar og dæmi um spurningalista til nemenda úr *Leiðbeiningar um innra mat framhaldsskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2016) haft til viðmiðunar. Í þetta sinn voru nemendur ekki sendir í sérstaka tölvustofu heldur svaraði hver nemandi könnuninni í sinni heimastofu á ákveðnum tíma. Kennurum bekkjanna var sendur póstur um hvenær hver bekkur átti að svara. Þátttaka var aðeins lakari en undanfarin ár eða 73,8. Árið áður hafði þátttakan verið 84,5%. Helsta skýringin á þessum mun er að í einstaka bekk hafði kennara láðst að láta nemendur taka þátt og því niðurstöður úr þeim bekkjum ómarktækar.

Helstu niðurstöður könnunarinnar vorur kynntar á almennum starfsmannafundi og samantekt sett á setustofu starfsmanna þar sem allir höfðu aðgang að henni. Spurningar nemenda um áfangana eru í **fylgiskjali III** hér aftast en heildarniðurstöður skóla eru í **fylgiskjali IV**. Kennurum var sent niðurstöður úr sínum áföngum og þeir hvattir til að skoða þær og bera saman við niðurstöður í heildina. Skólastjóri fór yfir niðurstöður einstaka kennara í árlegu starfsmannaviðtali. Ekki er gerð hér sérstaklega grein fyrir tækifærum til úrbóta því það er í höndum hvers kennara um sig að setja sér markmið og deilda að bæta það sem þær telja að betur mætti fara.

2.3 Nemendakönnun – fjarnám

Á sama tíma og nemendakönnun dagskólans fór fram var einnig gerð könnun á viðhorfi nemenda sem stunduðu fjarnám við skólann. Stóð könnunin yfir í viku. Spurningarnar voru aðrar og færri en sú sem dagskólanemar svöruðu. Í **fylgiskjali V** og **fylgiskjali VI** er að finna spurningarnar ásamt heildarniðurstöðum þeirra. Þátttaka í könnuninni var ansi dræm eða um 21%. Fjarnámsstjóri sendi einstaka kennara niðurstöður þeirra áfanga og fjallar nánar um þessa könnun í árlegri skýrslu sinni. <https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/arsskyrslur/>

2.4 Viðhorfskönnun foreldra

Viðhorfskönnun meðal foreldra fyrsta og annars árs hins nýja þriggja ára náms fór fram vikuna 23. til 30. janúar. Foreldrum var sendur tölvupóstur þar sem þeir voru beðnir um að svara nokkrum spurningum varðandi nám barna sinna. Þeim var síðan tvisvar send ítrekun. Könnunin fór fram í fyrirspurnarkerfinu Monkey Survey. Þátttaka var undir væntingum eða tæplega 60% foreldra svaraði, nær 70% fyrsta árs nema og tæplega 50% annars árs nemenda. Fjallað er um könnunina og niðurstöður hennar í skýrslu sem gerð var í febrúar 2016. Hefur hún verið kynnt og lögð á sameiginlegt svæði starfsmanna skólans og í prentuðu formi inn á setustofu starfsmanna þeim til upplýsingar. Í **fylgiskjölum VII og VIII** eru spurningarnar sem lagðar voru fyrir og niðurstöður þeirra. Tvær opnar spurningar voru þar sem foreldrar voru beðnir um að segja frá hvaða þætti í skólastarfinu þeir væru sérstaklega ánægðir með og hvaða þætti mætti að þeirra mati bæta. Svörin úr þessum spurningum voru lykluð í fimm meginþætti sem snýr að skólastarfinu, þ.e.: Kennsla, umgjörð, nemandann, skipulag og stoðþjónusta. Ekki verður frekar fjallað um niðurstöðurnar hér en í **fylgiskjali XI** er nánari útlistun á umbótaáætlun skólaársins 2017-2018 sem að miklu leyti byggist á þessari könnun.

2.5 Rannsókn á líðan nemenda

Verzlunarskólinn var þátttakandi í rannsókninni *Ungt fólk* á vegum fyrirtækisins *Rannsókn og greining* haustið 2016 (Rannsókn og greining, 2017). Rannsóknin er þýðisrannsókn þar sem spurningalisti var lagður fyrir alla nemendur skólans og teljast niðurstöður hennar því vera mjög áreiðanlegar.

Spurningalistinn var lagður fyrir alla framhaldsskólanemendur landsins og fengust gild svör frá 10.717 nemendum og var svarhlutfall í heildina 71%. Þetta ár innihélt spurningalistinn 85 spurningar á 32 blaðsíðum. Nafnleynd þátttakenda var gætt með því að þeir hvorki rituðu nöfn sín né kennitölur á svarblöðin þannig að útilokað er að rekja svör til einstaka þátttakenda. Þessi rannsókn hefur verið gerð árin 2000, 2004, 2007, 2010, 2013 og svo nú 2016. Þar sem margar sömu spurningar hafa verið lagðar fyrir nemendur er áhugavert að sjá þróunina. Niðurstöður rannsóknarinnar eru á sameiginlegu svæði starfsmanna þar sem allir hafa aðgang að þeim. Hér er lauslega greint frá helstu niðurstöðum.

Notkun fíkniefna

Það er ánægjulegt að sjá þróun í daglegum reykingum nemenda skólans þar sem árið 2000 sögðust 14 nemendur reykja daglega en árið 2016 var eingöngu einn nemandi sem kvaðst reykja daglega (bls. 11). Ef tekið er mið af landinu öllu þá er þetta það lægsta á landsvísu (bls. 21). Hins vegar virðast strákar yfir 18 ára aldri nota oftast munn- og neftóbak en jafnaldrar þeirra í öðrum framhaldsskólum (bls. 13). Í heildina virðast nemendur Verzlunarskólans hafa örlítið sjaldnar orðið ölvaðir sl. 30 daga en meðaltal landsins (bls. 21) en strákar 18 ára og eldri í Verzlunarskólanum samt oftast (bls. 15). Notkun ólöglegra vímuefna hefur minnkað frá árinu 2010 bæði á landsvísu og í Verzlunarskólanum. Strákar eldri en 18 ára er sá hópur sem einna oftast hefur neytt maríjúana einu sinni eða oftast um ævina. Í samanburði við aðra framhaldsskóla hafa Verzlunarskólanemendur sjaldnar notað þennan vímuefna en aðrir framhaldsskólanemendur (bls. 17). Það sama á við notkun á amfetamíni og MDMA nema svo virðist vera að stelpur 18 ára og eldri í Verzlunarskólanum neyti oftast þessara vímuefna en aðrir aldurshópar innan skólans (bls. 18). Verzlunarskólanemar nota líka sjaldnar svefntöflur en meðaltal landsins en eftirtektarvert er að stúlkur 18 ára og eldri er sá aldurshópur sem mest notar svefntöflur. Á það líka við um stúlkur innan Verzlunarskólans (bls. 19).

Félagslegir þættir

Líðan og lífsánægja

Meðaltalsskor þunglyndiseinkenna stúlkna í Verzlunarskólanum mældist 9,3 en stráka 5,68 þar sem lægsta gildið er 0 og hæsta 27. Er það aðeins lægra en á landsvísu. Kvíðaeinkenni stúlkna mældist 4,4 og drengja 2,8 og er sambærilegt við landsvísu. Lægsta gildi er 0 og hæsta gildi 9. Úr þessu má lesa að all nokkrar stúlkur í skólanum telja sig glíma við bæði þunglyndi og kvíða en eru færri en á landinu öllu (bls. 23-24).

Sjálfskaðandi hegðun

Aftur eru það hlutfall stúlkna sem er töluvert hærra en drengja sem segjasta hafa einu sinni eða oftast hugleitt eða hafa skaðað sjálfan sig. Hlutfall Verzlunarskólanema er umtalsvert lægri en á landsvísu en samt töluvert hátt (bls. 25-26).

Viðhorf og vandi í námi

Fleiri strákum en stelpum bæði innan Verzlunarskólans og á landinu öllu finnst námið tilgangslaust eða þeir telja sig ekki leggja nógu mikla rækt við námið. Fleiri stelpum í Verzlunarskólanum en í öðrum skólum finnst þær geta stundað námið betur (bls. 27). Þó eru færri nemendur Verzlunarskólans sem leiðist námið eða finnst þeim líða illa í skólanum og er munurinn umtalsverður þar (bls. 27). Fleiri strákum en stelpum finnst námið of létt en fleiri stelpum finnst námið of þungt. Á það bæði við um Verzlunarskólanemendur og nemar í öðrum framhaldsskólum (bls. 28).

Mataræði, svefntími og hreyfing

Fleiri nemendur Verzlunarskólans en annarra skóla segjast neyta ávaxta og grænmetis flesta eða alla daga vikunnar. Færri nemendur Verzlunarskólans neyta sætmetis daglega eða oft á dag en í öðrum skólum. Á það við um bæði kynin (bls. 29). Tæplega 75% drengja Verzlunarskólans segjast sofa 7 klst eða fleiri á virkum dögum á móti tæplega 70% annarra framhaldsskólanema. Stúlkur í Verzlunarskólanum sem telja sig sofa 7 klst eða fleiri eru tæplega 70% sem er mjög sambærilegt við aðrar stúlkur á landinu (bls. 29). Frá árinu 2004 hefur hlutfall nemenda sem stunda íþróttir með íþróttafélagi á landinu öllu verið svipað eða frá 62% -69% og var hlutfallið hæst árið 2004. Nemendur Verzlunarskólans virðast stunda töluvert meiri íþróttir með íþróttafélagi en jafnaldrar þeirra í öðrum skólum (bls. 31). Mjög fáir framhaldsskólanemendur landsins virðast stunda peningaspil á netinu samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar (bls. 32).

Ekki var sérstaklega unnið með það hvað betur mætti fara hér í skólanum, en haldið verður áfram að fylgjast með nemendum og sérstaklega varðandi kvíða og þunglyndi.

2.6 Annað

Haustið 2015 tók skólinn í notkun nýtt nemendakerfi, Innu. Haldið var námskeið fyrir nýja kennara á haustönn 2016. Einnig stóðu starfsmenn tölvumála fyrir kynningu á notkun Office 365 og One Note Classroom.

Haldnir voru tveir svokallaðir vinnudagar þar sem starfsmenn unnu að ýmsum umbótamálum. Í apríl unnu deildir saman að því að búa til áfangalýsingar fyrir nýja áfanga og endurskoða aðra eldri. Þá var haldinn vinnudagur í lok maí þar sem starfsmenn unnu saman að ýmsum málum varðandi innra starf skólans.

Gæðateymið gerði sniðmát fyrir skýrslur deilda þar sem deildarstjórum deilda skólans er ætlað að koma með helstu upplýsingar um vinnu ársins.

Þá var komið að því að gera langtímaáætlun sem nær yfir næstu þrjú ár. Stuðst var við lista úr leiðbeiningabæklingi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem skólanum barst sumarið 2016. Þá áætlun er að finna í **fylgiskjali IX**.

3 Skólaárið 2017-2018

Búið er að skipuleggja þá þætti sem áætlað er að vinna með á skólaárinu 2017-2018. Í **fylgiskjali X** má sjá hvernig sú áætlun lítur út. Fyrirhugað er að gæðateymið hittist aðra hverja viku og ræði ákveðna verkþætti. Meðlimir teymisins skipta með sér verkum. Síðastliðinn vetur fór fram stefnumótunarvinna sem fyrirtækið Capacent leiddi með hugmyndafræði „[Design Thinking](#)“ að leiðarljósi. Í þessari vinnu tók þátt úrtak allra hagsmunaaðila skólans. Með niðurstöður þeirrar vinnu verður unnið í vetur í ýmsum teyllum. Meðal verkefna er að efla utanumhald nemenda með öflugri starfi umsjónarkennara og er nú þegar búið að skipuleggja það starf. Þá kom fram sterk ósk um að auka samstarf við erlenda menntaskóla og gefa fleiri nemendum kost á nemendaskiptum. Einnig verður áhersla á að styrkja endurmenntun kennara og umræðu um kennslufræði. Í því samhengi hefur gæðateymið í huga að mynda nokkur tveggja manna jafningjateymi kennara þar sem þeir skiptast á að sitja kennslustundir hvor hjá öðrum, fylgjast með kennslustund og ræða um ákveðin atriði sem búið var að ákveða fyrirfram. Verður þetta fyrirkomulag kynnt á starfsmannafundi í byrjun október.

Að þessu sinni verður hin árlega nemendakönnun framkvæmd í apríl 2018. Að mestu leyti verður stuðst við þær spurningar sem notaðar voru á síðasta kennsluári, en skipulag þarf aðeins að taka til endurskoðunar.

Þá verður áfram skoðað nýja þriggja ára nám skólans og að þessu sinni er hugmynd um að mynda nokkra rýnihópa meðal fyrstu útskriftarnema þriggja ára námsins. Til þessarar vinnu verður væntanlega fenginn sérfræðingur í innra mati gæðateyminu til aðstoðar.

Tveir vinnufundir í skólanum eru fyrirhugaðir þar sem unnið verður úr ýmsum þáttum varðandi innra starf skólans.

Reykjavík, september 2017
Ingibjörg S. Helgadóttir,
formaður gæðateymis

4 Heimildaskrá

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2016). Sigríður Sigurðardóttir. *Leiðbeiningar um innra mat framhaldsskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Rannsókn og greining. (2017). *Ungt fólk. Niðurstöður meðal framhaldsskólanema á Íslandi 2016*. Reykjavík: Rannsókn og greining.

Verzlunarskóli Íslands. (2016). *Skólanámskrá Verzlunarskóla Íslands 2016-2017*. Sótt af: <https://www.verslo.is/skolinn/skolanamsskrar/>

Verzlunarskóli Íslands. (2017). *Ársskýrsla Verzlunarskóla Íslands 2017*. Sótt af: <https://www.verslo.is/skolinn/skyrslur-og-aaetlanir/rafraen-skjol>

Verzlunarskóli Íslands. (2017). *Ársskýrsla fjarnáms Verzlunarskóla Íslands 2016-2017*. Sótt af: <https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/arsskyrslur/>

5 Fylgiskjöl

5.1 Fylgiskjal I – Verk- og tímaáætlun 2016-2017

Þeir sem koma að verkinu								Skólaárið 2016-2017	Tímaáætlun											
Skólastjórnendur	Námsráðgjafar	Kerfisráðgjafi	Deildar	Gæðasjóni	Gæðateymi	Nemendur	Aðrir	Verkþættir:	ág. 2017	sep.17	okt.17	nov.17	des.17	jan.18	feb.18	mar.18	apr.18	maí.18	Verklok	
				V				Endurskoða skólanámskrá	V	V										X
				V				Safna saman áfangalýsingum annar	V					V						X
				V				Endurskoða starfsmannahandbók	V	V										X
				V				Sjálfsmatsskýrsla 2016-2017	V	V	V									X
V			V					Vinnudagur mars 2016: Námsmat (vinna úr)		V	V									X
				V				Setja upp yfirlit matsverkefna skv. A P.		V	V									X
				V				Kynning á starfi gæðateymis			V									X 4.10.
				V	V			Kennslukönnun: Undirbúa spurningar			V	V								X
		V		V		V		Kennslukönnun: Framkvæmd 23.-25.11.				V								X
		V						Kennslukönnun: Samanatekt					V							X
				V	V			Kennslukönnun: Úrvinnsla og birting					V	V						X
V								Kennslukönnun: Samtöl við kennara					V	V						X
V			V	V	V			Vinnudagur í nóv og undirbúningur			V	V								X
V								Stefnumótunarfundur: Vinna úr niðurstöðum										V		í vinnslu
V				V	V			Könnun: Viðhorf foreldra gv 3ja ára námi					V	V						X
V		V		V	V	V		Könnun: Framkvæmd foreldrakönnunar						V						X
		V		V	V			Könnun: Úrvinnsla og birting							V	V		V		X
V	V				V			Maifundur 2016: Móttökuáætlun nýbúa						V						frestað um sinn
V				V	V			Maifundur 2016: Endurmenntunarfundur				V								X
V	V				V			Maifundur 2016: Móttökuáætlun nýnema						V						X
V			V	V	V			Vinnudagur 4. apríl							V	V				X
			V	V	V			Deildaskýrslur: Innihaldslýsing							V	V				X
						V		Vinnudagur í maí 2017: undirbúningur									V	V		
				V	V			Verkáætlun þriggja ára skv. nýjum leiðb.									V			X
				V				Merkja við gátlista innihalds skólanámskrár					V							X
				V				Sjálfsmatsskýrsla 2017-2018									V	V		X

5.2 Fylgiskjal II Gátlisti fyrir mat á skólanámskrá (2016-2017)

Innihald skólanámskrár	Já á bls.	Nei	Athugasemd
Sérstaða skólans, sérstakar áherslur í starfi	6		
Stefna skóla og framtíðarsýn	9-11		Gildi og framtíðarsýn skólans Vantar stefnu skólans? Stefnumótunin?
Markmið skóla	8		
Umgjörð og skipulag kennslu, t.d. hvað varðar staðnám, dreifnám og fjarnám	22-29		4. kafli um skipulag náms, staðnám og fjarnám
Fyrirkomulag innritunar	28		
Þjónusta við nemendur; aðbúnaður og aðstaða	36-47		7. kafli
Lýsing á kerfisbundnu innra mati, langtímaáætlun í innra mati	21-22		
Matsáætlun fyrir skólaárið	22		
Stefna í forvörnum og heilsusamlegum lífsháttum	52 60		Forvarnir Heilsueflandi framhaldsskóli
Umhverfisstefna	61		Umhverfisvænn framhaldsskóli
Móttökuáætlun	59		Nýnema og nýrra starfsman. Móttökuáætlun nýrra Íslendinga þykir ekki þörf að sinni við skólann.
Áætlun um einelti	54-59		Fyrir nemendur (54-57) og fyrir starfsfólk (57-59)
Áfallaáætlun	62-64		
Rýmingaráætlun		X	Rýmingaráætlun vantar að gera
Viðbrögð við vá	64		Viðbragðsáætlun við heimsfaraldri, vísað í heimasíðuna: http://www.verslo.is/media/banners/Vidbragdsaaetlun.pdf
Reglur um umgengni og samskipti	43-47		Skólareglur, umgengni o.fl.

Verklagsreglur um meðferð og úrlausn mála	47-48		Meðferð ágreiningsmála
Viðurlög við brotum á skólareglum	48		
Siðareglur kennara	20		
Samskipti við foreldra/forráðamenn nemenda undir lögdri	34		
Annað samstarf, s.s. við grunnskóla, við aðra skóla, fyrirtæki og nærsamfélag	35 36 29		Erlent samstarf Atvinnulífið Skólakynningar fyrir grunnskólanemendur
Áherslur og leiðir til að stuðla að góðum skólabrag, t.d. út frá grunnpáttum menntunar	11-13		Skólabragur
Félagsstarf nemenda	65-68		Kafli 10 - Félagsstarf nemenda
Námsframboð; námsbrautalýsingar og áfangalýsingar	23-29		Kafli 4 – Skipulags náms Áfangalýsingar 1. árs - vísað í skjal á heimasíðu http://www.verslo.is/media/skyrslur/Afangalysingar-a-1.-ari-2016-2017.pdf Áfangalýsingar 2. árs - vísað í skjal á heimasíðu http://www.verslo.is/media/skyrslur/Afangalysingar-a-2.-ari-2016-2017.pdf
Árleg starfsáætlun; starfstími, mikilvægar dagsetningar, starfsfólk, skólaráð, skólanefnd, foreldraráð og nemendaráð	79 69-78 14 34 65-68		Skóladagatal - Fylgiskjal II Starfsfólk - Listi yfir starfsmenn Skólaráð, skólanefnd Fjallað um foreldraráð en ekki nefndir fulltrúar Fjallað um félagsstarf nemenda en ekki nefndir hverjir sitji í ráðinu en hlekkur í síðu nemenda NFVÍ

5.3 Fylgiskjal III – Spurningar í kennslukönnun dagskóla 2016-2017

Kennslukönnun nóvember 2016
(krossaspurningar í fjórum efnisflokkum)
Merkja við EINN möguleika í hverri spurningu

Spurningar með hverri grein

Sýn nemenda á eigið framlag

1. Ég þarf að leggja mikið á mig til að standast kröfur áfangans
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála
2. Mér finnst heimanám í þessum áfanga hæfilega mikið
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála
3. Mér gengur vel í þessum áfanga
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála
4. Ég nýti kennslustundir vel í þessum áfanga
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála
5. Ég tek virkan þátt í kennslustundum í þessum áfanga
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála
6. Ég ber sjálf/ur ábyrgð á námi mínu í þessum áfanga
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála

Sýn nemenda á áfanga

7. Mér finnst skipulag áfangans skýrt og ljóst til hvers er ætlast
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála
8. Námsgögnin í þessum áfanga eru góð
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála
9. Mér finnst viðfangsefni/námsefnið í þessum áfanga gagnleg
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála
10. Mér finnst vinnuálag í þessum áfanga hæfilega mikið
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála

Sýn nemenda á framlag kennara

11. Mér finnst kennarinn útskýra námsefnið vel
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála
12. Mér finnst kennslustundir í þessum áfanga vel skipulagðar
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála
13. Ég fæ reglulega hvatningu frá kennaranum í þessum áfanga
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála
14. Kennarinn ætlast til mikils sjálfstæðis af nemendum í þessum áfanga
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála

15. Ég fæ reglulega upplýsingar um hvernig ég stend mig í þessum áfanga
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála
16. Við notum rafrænt efni (t.d. á vefsíðum, Innu og Moodle) mikið í þessum áfanga
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála

Gagnkvæm mál

17. Það er góður vinnuandi í kennslustundum í þessum áfanga
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála
18. Samskipti mín við kennarann í þessum áfanga eru góð
Mjög sammála - Frekar sammála - Frekar ósammála - Mjög ósammála

Kennsluaðferðir

Hvaða kennsluaðferðir eru algengastar í þessum áfanga?

Merktu við þær tvær kennsluaðferðir sem eru algengastar.

Töflukennsla kennara (fyrirlestrar, glærusýningar, sýnikennsla ofl.)

Einstaklingsverkefni

Para- eða hópverkefni

Umræður

Heimanám

Hvernig lærir þú best?

Hvaða kennsluaðferðir finnst þér gagnlegastar?

Merktu við þær tvær kennsluaðferðir sem eru algengastar.

Töflukennsla kennara (fyrirlestrar, glærusýningar, sýnikennsla ofl.)

Einstaklingsverkefni

Para- eða hópverkefni

Umræður

Heimanám

Opnar spurningar:

Hvað líkar þér best í áfanganum og af hverju?

Hvað mætti betur fara að þínu mati í áfanganum og af hverju?


Annað sem þú vilt koma á framfæri?

5.4 Fylgiskjal IV – Niðurstöður úr kennslukönnun

Skólinn í heild

A=Mjög sammála B=Frekar sammála C=Frekar ósammála D=Mjög ósammála


Sýn nemenda á eigið framlag



Skólinn í heild framhald

A=Mjög sammála B=Frekar sammála C=Frekar ósammála D=Mjög ósammála

Sýn nemenda á framlag kennara



5.5 Fylgiskjal V – Spurningar í nemendakönnun fjarnáms haustið 2016

Könnun um gæði fjarnáms og fjarkennslu, lögð fyrir fjarnemendur VÍ á haustönn 2016 .
Könnunin verður opin á INNU frá 21. nóv. til 28. nóv.

1. Mér finnst vinnan í áfanganum:

1. mjög mikil 2. mikil 3. hæfileg 4. lítil 5. of lítil

2. Vinnan í áfanganum að meðaltali í viku hverri er:

1. 1-3 tímar 2. 3-5 tímar 3. 5-7 tímar 4. 7-9 tímar 5. meira en 9 tímar

3. Mér finnast verkefnaskil í áfanganum:

1. mjög mikil 2. mikil 3. hæfileg 4. lítil 5. of lítil

4. Mér finnst kennslubókgögn(bækur og rafrænt efni) áfangans:

1. mjög góð 2. góð 3. sæmileg 4. léleg 5. mjög léleg

5. Mér finnast upplýsingar sem eru í kennslukerfinu:

1. mjög góð 2. góð 3. sæmileg 4. léleg 5. mjög léleg 27

6. Mér finnast útskýringar kennara á námsefninu:

1. mjög góðar 2. góðar 3. sæmilegar 4. lélegar 5. mjög lélegar

7. Mér finnst skipulag áfangans í kennslukerfinu:

1. mjög gott 2. gott 3. sæmilegt 4. lélegt 5. mjög lélegt

8. Þegar ég sendi kennara bréf (í umræðum eða pósti) í kennslukerfinu, þá svarar hann að jafnaði:





1. innan tveggja virkra daga 2. innan þriggja virkra daga





3. innan fjögurra virkra daga 4. innan fimm virkra daga 5. eftir fleiri en fimm virka daga

9. Hvað er vel gert í áfanganum? [Hafa opin textakassa.](#)

10. Hvað mætti betur fara í áfanganum? [Hafa opinn textakassa](#)

5.6 Fylgiskjal VI – Niðurstöður úr nemendakönnun fjarnáms





5.7 Fylgiskjal VII – Spurningar í viðhorfskönnun meðal foreldra 1. og 2. árs nema

Almennar spurningar:

1. Hvert er kyn þitt (svaranda!!!!) eða nemandar???	karl	kona			
2. Barn mitt er á	1. ári	2. ári	1. og 2. ári		
3. Barn mitt er á	Alþjóðabraut	Lista- og nýsköpunarbraut	Náttúrufræðibraut	Viðskiptabraut	Veit ekki/ Vil ekki svara

Námið

1. Ég hef kynnt mér vel innihald námsbrauta Verzlunarskólans	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
2. Mér finnst námsframboð Verzlunarskólans fjölbreytt	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
3. Mér líst vel á skipulag 3ja ára náms við skólann	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
4. Ég tel að barn mitt fái þá hvatningu og aðstoð í námi sínu við skólann sem það þarf				
5. Álag í námi barns míns (og heimavinna) er að mínu mati hæfilegt	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
6. Væntingar mínar til náms barns míns í Verzlunarskólanum hafa staðist	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
7. Barnið ræða reglulega námið við mig eða aðra fjölskyldumeðlimi	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
8. Ég eða aðrir í fjölskyldunni geta mjög vel aðstoðað barn mitt við námið	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
9. Að meðaltali aðstoða ég eða aðrir fjölskyldumeðlimir barn mitt við heimanám þess	1-2 klst á viku	3-5 klst á viku	Meira en 6 klst á viku	Barnið biður ekki um hjálp
10. Hverjar eru 1-3 veigamestu ástæður þess að barnið þitt valdi Verzlunarskólann	Bekkjakerfi	Félagar úr grunnskóla	Foreldrar eða eldri systkini	Orðspor skólans
	Námsframboð	Staðsetning skólans	Annað	

Félagslíf/Tómstundir

1. Hversu margar klukkustundir á viku að meðaltali vinnur barn þitt með skóla	0	1-4	5-8	9-12	13 eða fleiri
2. Hversu margar klukkustundir eyðir barn þitt að meðaltali í skipulagðar tómstundir utan skóla? (Íþróttir, tónlistarnám, skátar	0	1-4	4-8	9.des	13 klst eða fleiri
3. Hversu mikinn þátt tekur barn þitt í félagslífi skólans að þínu mati	Mjög mikið	Frekar mikið	Hæfilega mikið	Frekar lítið	Lítið

Líðan

1. Ég tel að barni mínu líði vel í Verzlunarskólanum.	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
2. Ég tel að barn mitt eigi félag/vini í skólanum?	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála

Samskipti heimila og skóla:


1. Hefur þú haft samband við stjórnendur skólans, námsráðgjafa, kennara eða aðra starfsmenn skólans varðandi málefni tengdu þínu barni?	Mjög oft	Frekar oft	Sjaldan	Aldrei
2. Hvernig metur þú upplýsingagjöf skólans til foreldra (vefrit, heimasíða, tölvupóstur ...)	Mjög góð	Frekar góð	Frekar lítil	Mjög lítil
3. Hversu ánægður ertu með þjónustu mötuneytis skólans?	Mjög ánægð/ur	Frekar ánægð/ur	Frekar óánægð/ur	Mjög óánægð/ur

Opnar spurningar:


1. Hvaða þættir í skólastarfinu ert þú sérstaklega ánægð/ur með?
2. Er eitthvað í starfi skólans sem betur mætti fara að þínu mati?

5.8 Fylgiskjal VIII – Niðurstöður foreldrakönnunar – Samanburður 1. og 2. árs


Sp. 1	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	202/1	142/0




Sp. 2	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	203/0	141/1




Sp. 3	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	201/2	139/3




Sp. 4	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	201/2	139/3




Sp. 5	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	197/6	139/3




Sp. 6	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	200/3	136/6




Sp. 7	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	201/2	141/1




Sp. 8	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	198/5	137/5




Sp. 9	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	202/1	139/3




Sp. 10	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	202/1	141/1




Sp. 11	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	199/4	137/5




Sp. 12	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	201/2	142/0




Sp. 13	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	201/2	139/3




Sp. 14	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	202/1	142/0




Sp. 15	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	203/0	142/0




Sp. 16	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	202/1	141/1



Sp. 17	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	203/0	141/1





Sp. 18	1. ár	2. ár
Spurningu svarað/sleppt	203/0	142/0



2 opnar spurningar – lyklun

Kennsla	Þau atriði sem nefnd voru sem sneru beint að kennslu eða kennaranum.
Umgjörð skólans	Þeir þættir sem lutu að skólabragi eða umgjörð skólans.
Nemandinn	Það sem nefnt var og varðaði nemandann beint, s.s. félagslíf, nýnema, viðmót til nemenda.
Skipulag náms/námið	Atriði sem sneru að skipulagi námsins, námsframboði og slíku.
Stoðþjónusta	Þar voru það þættir sem foreldrar nefndu varðandi þjónustu sem nemendur fá eða óskuðu eftir að fá.



5.9 Fylgiskjal IX – Langtímaáætlun innra mats

Langtímaáætlun um innra mat

Viðfangsefni	2016-17	2017-18	2018-19	2019-20	2020-21
Kennsla og námsframboð:					
Nám og kennsla	X	X	X	X	X
Kennsluaðstaður og stuðningur við nemendur	X	X			
Námsmat	X			X	
Kennarar	X	X			
Námsgögn	X			X	
Lykilárangur:					
Námsárangur	X	X			
Árangur í grunnþáttum				X	
Langtímaárangur				X	
Stjórnun og skipulag:					
Stefna og áætlanir	X	X	X	X	
Stjórnendur			X	X	
Skipulag, verkferlar og verklagsreglur	X	X	X	X	
Innra mat		X			
Skólabragur:					
Skólabragur			X		
Samskipti í skólastofunni				X	
Félagslíf nemenda	X		X		
Samskipti við foreldra/forráðamenn	X			X	
Samskipti við önnur skólastig og atvinnulíf			X		
Húsnæði, búnaður og mótuneyti:					
Öryggis- og hreinlætiskröfur	X	X	X	X	
Mötuneyti	X				
Náms- og kennslurými		X			
Búnaður til náms og kennslu		X			
Vinnuaðstaða kennara			X		
Félagsaðstaða nemenda			X		

5.11 Fylgiskjal XI - Umbótaáætlun 2017-2018

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Misjafnt vinnuálag milli ára hjá nemendum	Samræma álag í bekkjum/árgöngum	Fjölga áföngum á 1. ári þannig að álag á 2. ári minnkar	Lokið (haust 2016)	Skólastjórnendur	Foreldrakönnun vor 2019	85% foreldra sáttrir við dreifingu álags
Samræma námsmat/verkefnaskil sömu áfanga.	Námsmat og verkefnaskil í sömu áföngum verði sambærilegt	Deildarstjórar skili einkunnareglum með skilgreiningum á innihaldi hvers þáttar	Vor 2018	Deildarstjórar/ Skólastjórnendur	Upphafi annar vor 2018	Allar einkunnareglur tilbúnar á fyrsta starfsdegi annar
Minnka vægi lokaprófa í fleiri áföngum	Fækka enn frekar áföngum með stórt vægi lokaprófs	Deildir haldi áfram að vinna í að minnka vægi lokaprófa	Haut 2018	Deildarstjórar/ Skólastjórnendur	Áfangalýsingar skoðaðar haut 2018	Helmingur áfanga verði með lokapróf sem vegur ≤ 50%
Viðhorf nemenda til námsgagna þarf að bæta	Námsgögn sem notuð eru séu þau bestu hvað verð og gæði varðar miðað við innihald áfanga	Deildarstjórar skoði námsefni sinna deilda og meti á gagnrýninn hátt	Vor 2018	Deildarstjórar	Nemendakönnun vorið 2018 og skoðað sérstaklega þar sem óánægja er ríkjandi	≤ 10% nemenda óánægðir með námsgögn sem notuð eru í hverjum áfanga
Minnka þrengsli í mótuneyti	Dreifa álagi í mótuneyti skólans	Sem stendur er erfitt að gera eitthvað í þrengslamálum mótuneytisins, en um leið og tækifæri gefst verður hugað að þessu máli.				
Meiri upplýsingar í Innu	Í öllum áföngum sé allt nauðsynlegt efni tengt námi nemenda í INNU	Gera gátlista fyrir kennara hvaða upplýsingar eiga að vera	Gera á vinnudegi þetta skólaár	Vinnuhópur kennara	Spurning sett í nemendakönnun haustið 2018	≤ 10% nemenda telji að ósamræmi sé á upplýsingum í INNU milli hópa sama áfanga
Þetta bekkina	Umsjónarkennarar vinni markvisst að því að skapa góðan bekkjaranda	Nýtt umsjónarkennarakerfi komi í gagnið haustið 2017	Haut 2017	Innleiðingarteymi umsjónarkennara/ umsjónarkennarar/ stjórnendur	Foreldrakönnun vor 2019	≥ 90% foreldra telji að haldið sé vel utan um bekk barna sinna
Foreldraviðtöl sveigjanlegri	Endurskoða skipulag foreldraviðtala.	Nýtt umsjónarkennarakerfi og þar með skipulag foreldraviðtala	Haut 2017	Innleiðingarteymi umsjónarkennara/ umsjónarkennarar/ stjórnendur	Foreldrakönnun vor 2019	≤ 90% foreldra ánægðir með fyrirkomulag foreldraviðtala
Þjóða upp á aðstoð í fleiri greinum en stærðfræði	Athuga fyrir þörf á aðstoð í fleiri greinum	Setja inn í nemendakönnun vorið 2018	Vor 2018	Stjórnendur/ Gæðateymi	Skoðað í nemendakönnun haut 2018	≤ 90% nemenda ánægðir með þá aukátíma sem skólinn býður upp á

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Rýmingaráætlun	Uppfylla kröfur skv. Aðalnámskrá	Uppfæra rýmingaráætlun	Haust 2018	Gæðateymi	Skólanámskrá 2017-2018	Komið inn skv. gátlista vorið 2018
Nemendaráð	Uppfylla kröfur skv. Aðalnámskrá	Fá lista yfir nöfn nemenda sem sitja í stjórn NFVÍ	Haust 2018	Gæðateymi	Skólanámskrá 2017-2018	Komið inn skv. gátlista vorið 2018
Foreldraráð	Uppfylla kröfur skv. Aðalnámskrá	Setja nöfn foreldra sem sitja í foreldraráðinu	Haust 2018	Gæðateymi	Skólanámskrá 2017-2018	Komið inn skv. gátlista vorið 2018
Stefna og markmið fjarnáms	Uppfylla kröfur skv. Aðalnámskrá	Setja á blað stefnu fjarnáms	Haust 2018	Gæðateymi	Skólanámskrá 2018-2019	Komið inn í skólanámskrá 2018-2019